

Umhverfisstofnun,
Hákon Ásgeirsson
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK


Garðabær, 29. mars 2017
2017030033/42-4-1
KHS, TB
jgo/tb

Lágflug þyrlu yfir Skógafoss

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 28. mars sl., þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort veita á leyfi fyrir lágflugi þyrlu, 76m / 350 fet yfir Skógafossi 15. apríl vegna kvikmyndatöku. Með erindinu fylgdi mynd af aðstæðum og hæð flugsins en þar kemur einnig fram að nota á dróna.

Fýlar hefja ekki varp fyrr en í maí svo að öllum líkindum mun myndataka með þyrluflugi ekki leiða til varanlegs skaða eða truflunar. Fuglarnir munu án ef styggjast og þyrlast úr bjarginu en koma væntanlega fljótlega aftur. Þó ekki sé líklegt að einn stakur atburður valdi varanlegum skaða á þessum tíma árs þá telur Náttúrufræðistofnun ástæðu til benda á, þó Umhverfisstofnun sé það að sjálfsögðu full kunnugt, að hér er um friðlýst svæði að ræða og fjölsótt af ferðamönnum og hlýtur þyrlu- og drónaflug að hafa í för með sér verulega truflun og vera hvítleitt fyrir þá sem eru að njóta landslags innan friðslýsts svæðis. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þeir ferðamenn sem verða á svæðinu þennan tiltekna dag eru kannski flestir að heimsækja svæðið í fyrsta og eina skiptið á ferð sinni um landið og því spurning um hvort ekki megið leysa þetta með öðrum hætti.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

